

• Tollflokkun bifreiða

Úrskurður nr. 8/1997

Í málinu var deilt um tollflokkun bifreiða. Innflytjendur höfðu hug á að breyta bifreiðunum, þannig að hægt yrði að nota þær til mannflutninga þ.e.a.s. koma slökkviliðsmönnum á slysstað og hafa útbúnaðinn í þeim þannig að hægt væri að hefja fyrstu aðgerðir á slysstað. Ríkistollanefnd var sammála niðurstöðu tollstjóra, að breytingar þær sem gera átti á bifreiðunum, flytti þær ekki um tollflokk.

Lög nr. 55/1987, 101. gr.

Í bréfi, dags. 21. maí 1997, er barst nefndinni þann 28. s.m., kærir B „Bindandi álit um tollflokkun vöru“ tollstjórans í K nr. 9700080, dags. 13. maí 1997. Í hinu kærða álitu ákvarðar tollstjóri að bifreiðar af gerðinni „Toyota Hilux Double Cab“ með dísilhreyfli skuli tollflokkast í tnr. 8704.2121 og bifreið sömu gerðar knúin bensínhreyfli flokkast í tnr. 8704.3121 með vísan til 1. almennu túlkunarreglu tollskrár. Mál þetta var til umfjöllunar hjá nefndinni þann 10. mars s.l. og var þá vísað frá vegna þess að það hafði ekki fengið rétta efnismeðferð. Kærandi unni ekki niðurstöðu tollstjóra og í bréfi til nefndarinnar kemur m.a. fram að B hafi hug á að nota þessar bifreiðar sem „mannflutningabifreiðar“ þ.e. til að koma slökkviliðsmönnum sem fyrst á slysstað. Áformað er að byggja yfir pallinn á þeim og koma þar fyrir festingum til að renna lausum dælum í sem hafðar eru til vara ef bíldælur bila. Auk þessa verða bifreiðarnar búnar duft-, kolsýru- og vatnsslökkvitækjum ásamt öðrum búnaði sem nauðsynlegur er til að hefja fyrstu aðgerðir á slysstað. Þá verða þær búnar blikkljósom, sírenu, talstöð og farsíma. Kærandi telur að bifreiðarnar séu, að loknum þeim breytingum sem fyrirhugað er að gera á þeim, orðnar slökkvi- og neyðarbilar og óskar eftir því að þær verði tollflokkaðar sem slíkar.

Ríkistollanefnd sendi erindi kæranda til umsagnar ríkistollstjóra þann 29. maí s.l. Í svari hans, dags. 11. júní s.l., er barst nefndinni þann 13. s.m., kemur fram að á fyrri stigum málsins hafi komið fram í rökstuðningi tollstjóra fyrir tollflokkun bifreiðanna, að það nægi ekki að setja lausan útbúnað til slökkvistarfa í bifreiðarnar til að þær skipti um tollflokk. Þá er einnig vísað í skýringalið (2) við vörulið 8705 í skýringahandbók Alþjóðatollastofnunarinnar en þar segir: „Motor pump vehicles, with pump usually driven by the vehicle's engine (e.g. fire fighting vehicles).“ Því hafi tollstjóri ákveðið að bifreiðarnar flokkast skv. 1. túlkunarreglu tollskrár eftir atvikum í tnr. 8704.2121 eða 8704.3121. Þá segir í greinargerð ríkistollstjóra: „Eins og fram hefur komið eru bifreiðarnar fyrst og fremst ætlaðar til flutnings á slökkviliðsmönnum og lausum búnaði á vettvang slökkvistarfa. Bifreiðarnar geta ekki flokkast undir vörulið 8705, eins og fram kemur í orðalagi hans (og áréttað er í skýringabókum) að þar undir falli ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum.“ Með hliðsjón af ofanrituðu krefst ríkistollstjóri þess að tollflokkun tollstjóra verði staðfest.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir gögn þau sem lögð hafa verið fyrir nefndina í máli þessu. Í hinu kærða álitu tollstjórans í K eru bifreiðarnar „Toyota Hilux Double Cab“ með dísilhreyfli tollflokkaðar í tnr. 8704.2121 og bifreið sömu gerðar knúin bensínhreyfli flokkuð í tnr. 8704.3121. Kærandi gerir kröfu um að bifreiðarnar verði flokkaðar sem slökkvibifreiðar eftir að þeim hefur verið breytt samkvæmt þeirri lýsingu sem fram kemur hér að ofan þ.e. í tollflokk 8705.3000. Nefndarmenn eru sammála niðurstöðu tollstjóra sem fram kemur í hinu kærða álitu nr. 9700080, dags. 13. maí s.l. og staðfest er í kröfugerð ríkistollstjóra. Breytingar þær sem fyrirhugað er að gera á bifreiðunum, og lýst er hér að ofan, flytur þær ekki, að mati nefndarmanna, um tollflokk.

Með hliðsjón af ofanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. laga nr. 55/1987 með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að hið kærða álit tollstjórans í K nr. 9700080 um tollflokkun á Toyota Hilux Double Cab bifreiðum er staðfest. Umræddar bifreiðar skulu því tollflokkast með dísilhreyfli í tnr. 8704.2121 og bifreið sömu gerðar knúin bensínhreyfli flokkast í tnr. 8704.3121.